

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 197/2012****2013/EES/6/07****frá 26. október 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/81/ESB frá 9. febrúar 2010 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar lím fyrir keramikflísar <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/82/ESB frá 9. febrúar 2010 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar veggklæðningar til skrauts í rúllum eða plötum <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/83/ESB frá 9. febrúar 2010 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar loftþornandi þéttiefnasambönd <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/85/ESB frá 9. febrúar 2010 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar jöfnunarefni úr sementi, jöfnunarefni úr kalsíumsúlfati og gólfjöfnunarefni úr gerviresíni <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/679/ESB frá 8. nóvember 2010 um breytingu á ákvörðun 95/467/EB um framkvæmd 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um byggingarvörur <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/683/ESB frá 9. nóvember 2010 um breytingu á ákvörðun 97/555/EB um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar sement, byggingarkalk og önnur bindiefni sem harðna í vatni <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/737/ESB frá 2. desember 2010 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar stálþynnur með pólýesterhúð og plastisólhúð <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/738/ESB frá 2. desember 2010 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar steypur trefjagifseiningar <sup>(8)</sup>.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/14/ESB frá 13. janúar 2011 um breytingu á ákvörðun 97/556/EB um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar múreinangrunarkerfi á útveggi <sup>(9)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjúið. ESB L 38, 11.2.2010, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjúið. ESB L 38, 11.2.2010, bls. 11.

<sup>(3)</sup> Stjúið. ESB L 38, 11.2.2010, bls. 13.

<sup>(4)</sup> Stjúið. ESB L 38, 11.2.2010, bls. 17.

<sup>(5)</sup> Stjúið. ESB L 292, 10.11.2010, bls. 55.

<sup>(6)</sup> Stjúið. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 60.

<sup>(7)</sup> Stjúið. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 39.

<sup>(8)</sup> Stjúið. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 42.

<sup>(9)</sup> Stjúið. ESB L 10, 14.1.2011, bls. 5.

- 10) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/19/ESB frá 14. janúar 2011 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara skv. 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar þéttiefni, sem eru notuð í annað en burðarvirki, í samskeytum í byggingum og gangbrautum <sup>(10)</sup>.
- 11) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/232/ESB frá 11. apríl 2011 um breytingu á ákvörðun 2000/367/EB um að ákvarða flokkunarkerfi fyrir byggingarvörur, mannvirki og hluta þeirra eftir nothæfi með tilliti til brunapöls <sup>(11)</sup>.
- 12) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/246/ESB frá 18. apríl 2011 um breytingu á ákvörðun 1999/93/EB um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar hurðir, glugga, hlera, gluggahlera, hlið og tilheyrandi glugga- og hurðajárn <sup>(12)</sup>.
- 13) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/284/ESB frá 12. maí 2011 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara skv. 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar rafmagns-, stjórnunar- og samskiptakapla <sup>(13)</sup>.
- 14) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/201/ESB frá 26. mars 2012 um breytingu á ákvörðun 98/213/EB um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar skilvegghjálmar <sup>(14)</sup>.
- 15) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/202/ESB frá 29. mars 2012 um breytingu á ákvörðun 1999/94/EB um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar forsteyptar steypuvörur úr venjulegri, léttari eða hita- og þrýstihærtri frauðsteypu <sup>(15)</sup>.
- 16) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

#### ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

##### *I. gr.*

Ákvæði XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 10. undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/467/EB) 1. liðar (tilskipun ráðsins 89/106/EBE):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32010 D 0679**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/679/ESB frá 8. nóvember 2010 (Stjtið. ESB L 292, 10.11.2010, bls. 55).“
2. Eftirfarandi bætist við í 18. undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/555/EB) 1. liðar (tilskipun ráðsins 89/106/EBE):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32010 D 0683**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/683/ESB frá 9. nóvember 2010 (Stjtið. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 60).“
3. Eftirfarandi bætist við í 19. undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/556/EB) 1. liðar (tilskipun ráðsins 89/106/EBE):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32011 D 0014**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/14/ESB frá 13. janúar 2011 (Stjtið. ESB L 10, 14.1.2011, bls. 5).“

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 11, 15.1.2011, bls. 49.

<sup>(11)</sup> Stjtið. ESB L 97, 12.4.2011, bls. 49.

<sup>(12)</sup> Stjtið. ESB L 103, 19.4.2011, bls. 114.

<sup>(13)</sup> Stjtið. ESB L 131, 18.5.2011, bls. 22.

<sup>(14)</sup> Stjtið. ESB L 109, 21.4.2012, bls. 20.

<sup>(15)</sup> Stjtið. ESB L 109, 21.4.2012, bls. 22.

4. Eftirfarandi bætist við í 25. undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/213/EB) 1. liðar (tilskipun ráðsins 89/106/EBE):
- „eins og henni var breytt með:
- **32012 D 0201:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/201/ESB frá 26. mars 2012 (Stjtið. ESB L 109, 21.4.2012, bls. 20).“
5. Eftirfarandi bætist við í 40. undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/93/EB) 1. liðar (tilskipun ráðsins 89/106/EBE):
- „eins og henni var breytt með:
- **32011 D 0246:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/246/ESB frá 18. apríl 2011 (Stjtið. ESB L 103, 19.4.2011, bls. 114).“
6. Eftirfarandi bætist við í 41. undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/94/EB) 1. liðar (tilskipun ráðsins 89/106/EBE):
- „eins og henni var breytt með:
- **32012 D 0202:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/202/ESB frá 29. mars 2012 (Stjtið. ESB L 109, 21.4.2012, bls. 22).“
7. Eftirfarandi bætist við í 49. undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/367/EB) 1. liðar (tilskipun ráðsins 89/106/EBE):
- „eins og henni var breytt með:
- **32011 D 0232:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/232/ESB frá 11. apríl 2011 (Stjtið. ESB L 97, 12.4.2011, bls. 49).“
8. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 2g (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/600/EB):
- „2h. **32010 D 0081:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/81/ESB frá 9. febrúar 2010 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar lím fyrir keramikflísar (Stjtið. ESB L 38, 11.2.2010, bls. 9).
- 2i. **32010 D 0082:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/82/ESB frá 9. febrúar 2010 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar veggklæðningar til skrauts í rúllum eða plötum (Stjtið. ESB L 38, 11.2.2010, bls. 11).
- 2j. **32010 D 0083:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/83/ESB frá 9. febrúar 2010 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar loftþorandi þéttiefnasambönd (Stjtið. ESB L 38, 11.2.2010, bls. 13).
- 2k. **32010 D 0085:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/85/ESB frá 9. febrúar 2010 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar jöfnunarefni úr sementi, jöfnunarefni úr kalsíumsúlfati og gólfjöfnunarefni úr gerviresíni (Stjtið. ESB L 38, 11.2.2010, bls. 17).
- 2l. **32010 D 0737:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/737/ESB frá 2. desember 2010 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar stálþynnur með pólýesterhúð og plastisólhúð (Stjtið. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 39).
- 2m. **32010 D 0738:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/738/ESB frá 2. desember 2010 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar steypur trefjagifseiningar (Stjtið. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 42).
- 2n. **32011 D 0019:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/19/ESB frá 14. janúar 2011 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara skv. 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar þéttiefni, sem eru notuð í annað en burðarvirki, í samskeytum í byggingum og gangbrautum (Stjtið. ESB L 11, 15.1.2011, bls. 49).
- 2o. **32011 D 0284:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/284/ESB frá 12. maí 2011 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara skv. 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar rafmagns-, stjórnunar- og samskiptakapla (Stjtið. ESB L 131, 18.5.2011, bls. 22).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2010/81/ESB, 2010/82/ESB, 2010/83/ESB, 2010/85/ESB, 2010/679/ESB, 2010/683/ESB, 2010/737/ESB, 2010/738/ESB, 2011/14/ESB, 2011/19/ESB, 2011/232/ESB, 2011/246/ESB, 2011/284/ESB, 2012/201/ESB og 2012/202/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Atle Leikvoll***

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.